



Djúpavogshreppur
Bakka 1
765 Djúpivogur

UMHVERFIS- OG
AUÐLINDARÁÐUNEYTIÐ

Skuggasundi 1 101 Reykjavík
sími: 545 8600 postur@uar.is
umhverfisraduneyti.is

Reykjavík 6. mars 2020
Tilv.: UMH20020087/2.2


Skipunartími núverandi hreindýraráðs sem skipað er skv. lögum nr. 64/1994 um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum rennur út 4. apríl nk. Ráðherra skipar formann ráðsins án tilnefningar, einn fulltrúa samkvæmt tilnefningu Búnaðarsambands Austurlands, Búnaðarsambands Austur-Skaftafellssýslu og einn sameiginlegan fulltrúa samkvæmt tilnefningu sveitarfélaga á veiðisvæði hreindýra, en þau eru: Vopnafjarðarhreppur, Fljótsdalshreppur, Fljótsdalshérað, Borgarfjarðarhreppur, Seyðisfjarðarkaupstaður, Fjarðabyggð, Djúpavogshreppur og Sveitarfélagið Hornafjörður.

Hlutverk ráðsins er að vera Umhverfisstofnun og umhverfis- og auðlindaráðherra til ráðgjafar um vernd, veiðar og nýtingu hreindýrastofnsins. Fulltrúum Náttúrustofu Austurlands og Náttúrufræðistofnunar Íslands er heimilt að sitja fundi hreindýraráðs og hafa þar málfrelsi og tillögurétt. Ráðið skal ár hvert gera tillögu til Umhverfisstofnunar um skilgreiningu ágangssvæða hreindýra, árlegan veiðikvóta og skiptingu hans milli veiðisvæða.

Þess er hér með óskað að ofangreind sveitarfélög tilnefni einn sameiginlegan fulltrúa í ráðið. Óskast tilnefning ásamt kennitölu og heimilisfangi viðkomandi send ráðuneytinu eins fljótt og við verður komið eða eigi síðar en 23. mars nk.

Ráðuneytið vekur athygli yðar á 15. gr. laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, nr. 10/2008, en þar er meðal annars kveðið á um að þegar tilnefnt er í nefndir, ráð og stjórnir á vegum ríkis og sveitarfélaga skuli tilnefna bæði karl og konu. Þá kemur fram að tilnefningaraðila sé heimilt að víkja frá þeirri skyldu þegar hlutlægar ástæður leiða til þess að ekki er mögulegt að tilnefna bæði karl og konu. Skal tilnefningaraðili þá skýra ástæður þess. Ráðherra skipar í nefndina og velur úr tilnefningum svo kynjaskipting sé sem jöfnust.

Fyrir hönd ráðherra



Sigríður Auður Arnardóttir